

Ávarp rektors á ráðstefnunni *Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir*

Ísland? Haldið í Norræna húsinu, miðvikudaginn 18. apríl 2018 kl. 9.00

Kæru gestir,

Það er mér sönn ánægja að opna þessa áhugaverðu ráðstefnu um alþjóðamál sem er nú haldin í annað sinn í farsælu samstarfi Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, Norðurlanda í fókus og utanríkisráðuneytisins.

Vettvangur sem þessi er gríðarlega mikilvægur, ekki bara fyrir okkur í fræðasamfélaginu heldur fyrir samfélagið allt. Erindi okkar hér er að ræða saman um þær áskoranir sem við stöndum öll frammi fyrir – og til þess þurfum við kalla sem flesta að borðinu. Óhætt er að segja að þátttakendur ráðstefnunnar hér í dag komi víða að. Framsögumenn koma úr röðum alþingismanna, embættismanna, fjölmiðlafólks, borgarfulltrúa, fræðimanna, sendiherra og listamanna, svo nokkuð sé nefnt.

Farið verður yfir víðan völl þegar kemur að mikilvægum málefnum sem öll tengjast alþjóðasamskiptum og mikilvægi þeirra. Pólitískt andrúmsloft í alþjóðasamfélaginu hefur tekið talsverðum breytingum upp á síðkastið og því er sérstaklega mikilvægt fyrir okkur hér á Íslandi að skoða og greina þau fjölbreyttu málefni sem eru á dagskrá hér í dag.

Alþjóðlegar áskoranir á borð við loftslagsbreytingar, ýmiss konar öryggisógnir, vaxandi þjóðernis- og kynþáttahyggju, falsfréttir og aukin áhrif

samfélagsmiðla á alþjóðamál gerir samvinnu milli ríkja bæði nauðsynlega og ákjósanlega.

Þó að þátttaka í alþjóðastarfi snúist að miklu leyti um hagsmunagæslu er ekki síður mikilvægt að axla ábyrgð með virkri þátttöku í alþjóðastarfi. Þar getur Ísland eins og önnur ríki verið leiðandi.

Fyrir hönd Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, vona ég að þið njótið dagsins, og þeirrar metnaðarfullu dagskrár sem hér er boðið upp á.

Takk fyrir.